

Iðnaðarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Iðnaðarnefnd
Sendandi: Skrifstofa orkumála
Dagsetning: 9.12.2008

Efni: Kolvetnislöggjöf í öðrum löndum

Í flestum löndum þar sem kolvetnisstarfsemi er stunduð hefur verið sett ítarleg löggjöf um þá starfsemi og tengd atriði s.s. umhverfismál o.fl. Að beiðni iðnaðarnefndar hefur verið tekið saman meðfylgjandi yfirlit yfir þau lög sem gilda um kolvetnisstarfsemi í nokkrum löndum.

1. Bretland

Um olífuleit og vinnslu á bresku yfirráðasvæði gilda lög frá 1998 (Petroleum Act). Í lögnum er tekið á flestum þáttum sem snerta rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Nánari upplýsingar um breska kolvetnislöggjöf og löggjöf tengda vinnslu kolvetnis er að finna á <https://www.og.berr.gov.uk/regulation/index.htm>.

2. Danmörk

Í 4. og 5. hluta laga nr. 293 frá 10. júní 1981 er fjallað um rannsóknir og vinnslu kolvetnis á dönsku yfirráðasvæði. Nánari upplýsingar um danska kolvetnislöggjöf og löggjöf tengda vinnslu kolvetnis er að finna á <http://www.ens.dk/sw28019.asp>.

3. Færeyjar

Í lögum nr. 31 frá 16. mars 1998 (Parliamentary Act on Hydrocarbon Activities) er fjallað um rannsóknir og vinnslu kolvetnis á færeysku yfirráðasvæði. Á heimasíðu Jarðfeingi er að finna nánari upplýsingar um kolvetnislöggjöf og löggjöf tengda vinnslu kolvetnis.

4. Grænland

Í lögum nr. 368 frá 18. júní 1998 er fjallað um rannsóknir og vinnslu jarðrænna auðlinda.

5. Írland

Í lögum nr. 7/1960 (Petroleum and other Minerals Development Act) er m.a. fjallað um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í 3. kafla laganna er fjallað um rannsóknir og nýtingu kolvetnis.

6. Kanada

Um olífuleit, rannsóknir og vinnslu á kanadísku yfirráðasvæði gilda lög frá 1985 (Canada Petroleum Resources Act). Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum eftirlitsaðila, s.s. Oil and Gas Commission.

7. Noregur

Í lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1996 (Act Relating to Petroleum Activities) er fjallað um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Nánari upplýsingar um norska kolvetnislöggjöf og aðra löggjöf tengda rannsóknum og vinnslu kolvetnis er að finna á heimasíðu norska olíumálaráðuneytisins http://www.npd.no/regelverk/r2002/frame_e.htm og heimasíðu Petroleum Safety Authority.